

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 11. febrúar 1982

**um aðlögun að tækniframförum á II. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur****(82/147/EBE)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/661/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt niðurstöðum nýjustu vísinda- og tæknirannsóknna ber að banna notkun asetýletýltetrametýltetralíns vegna taugaeitrunaráhrifa þess sem skaðleg eru heilsu manna.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar er sér um að breyta, í samræmi við tækniframfarir, tilskipunum um að ryðja úr vegi tæknilegum hindrunum á viðskiptum með snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

Eftirfarandi númer bætast við II. viðauka tilskipunar ráðsins 76/768/EBE:

„362 3'-etýl-5',6',7,8'-tetrahýdró-5',6',8',8'-tetrametýl-2'-asetonafton

Samsvörun: 1,1,4,4-tetrametýl-6-etýl-7-asetýl-1,2,3,4-tetrahýdrónaftalín (asetýletýltetrametýltetralín, AETT).“

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög eða stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari í síðasta lagi fyrir 31. desember 1982 og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

*3. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. febrúar 1982.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karl-Heinz NARJES

*framkvæmdastjóri.*<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 169.<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 192, 31. 7. 1979, bls. 35.